

Alþingi
Erindi nr. P 132/1423
komudagur 22.3.2006



Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. mars 2006

Varðandi: mál nr. 76 um Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Álit Bandalags íslenskra námsmanna (BÍSN)

BÍSN fagnar því að verið sé að endurskoða lög um Lánasjóð íslenskra námsmanna (LÍN) þrátt fyrir að tiltölulega stutt sé að slík endurskoðun hafi farið fram má alltaf gera enn betur og jafnveigamikil lög þurfa að vera í sífældri endurskoðun.

Athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins

1. gr

BÍSN telur eðlilegt og sjálfsagt að heimilt verði að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi líkt og tíðkast nú með frumgreinadeildar háskóla landsins sem eru beinn undirbúningur fyrir frekara háskólanám.

2. gr

BÍSN er ekki sammála því að greiða eigi námslánin fyrirfram fyrir hvern mánuð þar sem það hefur þá hættu í för með sér að námsmenn sem hafa ekki skilað inn rétttri tekjuáætlun fá of há lán og ofgreiðslubréfum frá sjóðnum myndi að öllum líkindum fjölga umtalsvert. Framkvæmdin hefði í för með sér að auka þyrfti við starfsmenn hjá sjóðnum sem er mjög kostnaðarsamt.

BÍSN vill því heldur fara þá leið að hækka þann vaxtarstyrk til lánþega sem er nú þegar til staðar. Sú leið er mun einfaldara í framkvæmd og kemur á sama stað niður ef hann er nægilega há.

BÍSN styður þá tillögu að ekki sé krafist ábyrgðarmanna á námslánum. Þrátt fyrir að fjármálastofnanir hafi nú heimild til að gerast ábyrgðarmenn fyrir lánþega stendur það ekki öllum til boða og er kostnaðarsamt. Þar af leiðandi er ekki hægt að segja að lánasjóðurinn tryggi jafnrétt til náms að fullu fyrr en að lánþegar fá sjálfir að taka ábyrgð á endurgreiðslu lána sinna.

3. gr

Að mati Bandalags íslenskra námsmanna eiga allir námsmenn að fá hluta af lánum sínum (t.d. 30%) breytt í styrk að námi loknu sama hversu langan tíma námið tekur. Þrátt fyrir að fólk geti ekki lokið námi sínu á réttum tíma af einhverjum ástæðum má ekki mismuna þeim fyrir það. Nauðsynlegt er þó að þessi breyting verði þó án þess að þeir vextir sem eru nú til staðar á námslánunum hækki.

4. gr.

Mikilvægt að þetta sé á hreinu og styður BÍSN því þessa tillögu.

F.h. BÍSN



Eyvún Jónsdóttir

Framkvæmdastjóri BÍSN



Alþingi
Erindi nr. P 132/1470
komudagur 27.3.2006

Menntamálanefnd Alþingis
Elísabet Rán Andrésdóttir nefndarritari
Nefndasviði Alþingis
Austurstræti 8 -10
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 22. mars 2006
Tilvísun: HI06030006/004

Með bréfi menntamálanefndar Alþingis, dags. 1. mars s.l., var samstarfsnefnd háskólastigsins sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (76. mál 132. löggjafarþings).

Samstarfsnefnd háskólastigsins telur Lánasjóð íslenskra námsmanna gegna lykilhlutverki í menntasókn íslensks samfélags. Mikilvægt er að starfsemi sjóðsins lúti skýrum lögum og reglum, sem byggja á samræmi og jafnræði. Í því sambandi vísar nefndin til umsagna sem einstaka háskólar hafa látið uppi vegna málsins og tekur undir umsögn Listaháskóla Íslands um breytingu á 2. gr. laganna, sem varðar það að lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi verði láns hæft.

Nefndin hefur hins vegar ekki mótað afstöðu til annarra atriða frumvarpsins.

Virðingarfyllst
f. h. samstarfsnefndar háskólastigsins

Kristín Ingólfssdóttir
formaður

Alþingi
Erindi nr. P 132/1369
komudagur 20.3.2006



Reykjavík, 16. mars 2006
0603004 sk

Nefndarsvið Alþingis
b.t. Elísabetar Ránar Andréadóttur
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna
Kennaraháskóla Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um Lánasjóð
íslenskra námsmanna, 76. mál.

Í 1. grein frumvarpsins segir að heimilt skuli vera að veita lán til undirbúnings
listnámi á háskólastigi. Ekki er út af fyrir sig gerð athugasemd við að veitt séu
námslán til listnáms á framhaldsskólastigi – hins vegar þykir rétt að benda á
nauðsynlegt er að halda samræmi í reglum um námslán og mismuna ekki
námsleiðum. Vera kann að fleiri námsleiðir á en listnám ættu að vera lánsþæfar á
sama hátt.

Kennaraháskólinn gerir ekki aðrar athugasemdir við frumvarp þetta.

Virðingarfyllst,



Svanhildur Kaaber
skrifstofustjóri, skrifstofu rektors

Stakkahlíð
105 Reykjavík
Sími: 563 3800
Símbref: 563 3833
www.khi.is

Alþingi
*Erindi nr. Þ 132/1382**komudagur 21.3.2006*Menntamálanefnd Alþingis
Alþingi
150 ReykjavíkSÍMI/TEL: +354 552 4000
FAX: +354 562 3629
netfang/e-mail: lhi@lhi.is

Reykjavík 20. mars 2006

Erindi: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð ísl. námsmanna, 76. mál

Listaháskóli Íslands hefur fengið til umsagnar frá menntamálanefnd frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 76. mál. Listaháskólinn tekur ekki afstöðu til frumvarpsins að öðru leyti en því er varðar 1. gr. sem felur í sér að við 2. gr. laganna bætist við eftirfarandi málslíður: "Heimilt er að veita lán til undirbúnings listnámi á háskólastigi."

Listaháskólinn telur afar mikilvægt að nemendur sem undirbúa sig fyrir sérhæft háskólanám í listum njóti ekki síðri stuðnings í undirbúningi sínum en nemendur í öðru sérnámi, þ.m.t. stuðnings í formi námslána frá Lánasjóði ísl. námsmanna. Samkvæmt upplýsingum Lánasjóðsins flokkast láns hæft sérnam í eftirtalda flokka:

- ATS-skólinn (flugumf.stj.nám)
- Fjölbrauta-, iðn- og verkmenntaskólar (iðngreinar, 25 brautir)
- Annað starfsnám (12 brautir)
- Flugskóli Íslands
- Fjöltækniskóli Íslands
- Háskólinn í Reykjavík (frumgreinasvið)
- Hólaskóli (ferðmálabraut, fiskeldisbraut, hrossabraut)
- Kvikmyndaskóli Íslands (kvikmyndagerð)
- Landbúnaðarháskóli Íslands (blómaskr.br., búnaðarnám, garð- og skógarpl.br., skógræktarbr., umhverfisbr., ylæktarbr.,)
- Lögregluskólinn
- Myndlistaskólinn á Akureyri (myndlist, grafísk hönnun)
- Snyrtiskólinn
- Tannsmíðaskóli Íslands
- Tónlistarskólar (hljóðfæra- og söngn. e. framh.próf, kennaradeildir, tónfræðadeild)
- Viðskiptaháskólinn á Bifröst (frumgreinadeild)


Af þessu námi fellur eftirfarandi undir sérhæft listnám á framhaldsskólastigi:
Kvikmyndaskóli Íslands, Myndlistaskólinn á Akureyri, og tiltekið nám í
tónlistarskólunum.

Í almennu greinargerð frumvarpsins er tekið fram til skýringar á ákvæði um að lána skuli til undirbúnings námi í listaháskóla, að slíkt nám fari nú þegar fram í Myndlistaskólanum í Reykjavík. Listaháskólinn getur staðfest að fjölmargir nemendur af myndlistar- og hönnunarsviði Myndlistaskólans í Reykjavík, svokölluðu "fornámi," hafa fengið inngöngu í myndlistardeild eða hönnunar- og arkitektúrdeild skólans, og að þeir hafi yfirleitt komið mjög vel undirbúnir til náms hér. Á það skal bent í þessu samhengi að einnig er boðið upp á undirbúningsnám í listum í ýmsum af iðn- og fjölbrautaskólum landsins. Samkvæmt upplýsingum Lánasjóðs er þetta nám ekki flokkað sem lánshæft nám.

Nokkurrar ónákvæmni gætir í málflutningi flytjenda frumvarpsins um mismuninn á inntaki náms á háskólastigi og framhaldsskólastigi. Þessi misskilningur kemur fram í athugasemd þeirra við 1. gr. frumvarpsins. Þar er ítrekað að nám við Myndlistaskólann í Reykjavík sé til undirbúnings námi í listaháskóla en því um leið bætt við að inntak námsins þar sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi. Með þessu má ætla að flutningsmenn skilji það sem svo, að þegar um er að ræða listnám sé námið eins á háskólastigi og framhaldsskólastigi. Listaháskólinn hvetur flutningsmenn til að leiðrétta þessa augljósu vitleysu.

Með samþykkt ákvæðis um að Lánasjóður íslenskra námsmanna láni til undirbúnings listnámi á háskólastigi er í raun verið að löggilda skilgreiningar á lánshæfu námi sem sjóðurinn hefur fylgt nú um langt skeið. Hitt er svo vandi sjóðsins að greina á milli hvaða sérnám í listum er til undirbúnings háskólanámi og hvað er meira almenns eðlis.

Virðingarfyllst


Hjálmar H. Ragnarsson
rektor

Reykjavík, 20. mars, 2006.

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umsögn vegna frumvarps til laga um Lánasjóð íslenskra námsmanna, 76. mál.
Leitað var eftir umsögn Myndlistaskólans í Reykjavík varðandi frumvarpið.

Í frumvarpinu er meðal annars rætt um að veita lán vegna náms sem er til undirbúnings listnámi á háskólastigi. Í frumvarpinu er einnig vikið að öðrum atriðum sem öll eru til bóta. Það er mikið réttlætismál fyrir námsmenn að frumvarpið hljóti brautargengi.

Varðandi nauðsyn á að breyta reglum sjóðsins í þá átt að undirbúningsnám fyrir listaháskóla verði lánshæft viljum við tilgreina eftirfarandi:

- 1) Yfir 90% þeirra nemenda sem stunda undirbúningsnám í Myndlistaskólanum fyrir listnám á háskólastigi hafa þegar lokið námi í framhaldskólunum þegar þeir hefja skólavist. Þessir nemendurnir hafa ekki átt kost á að undirbúa sig með þeim hætti sem Listaháskólinn gerir kröfur um samhliða námi sínu framhaldsskóla þar sem listnámsbrautir eru ekki nema í fáeinum skólum á höfuðborgarsvæðinu og óvíða á landsbyggðinni.
- 2) Í hverjum umsækjendahópi eru einstaklingar sem hyggjast skipta um stafsveitvang og þurfa að afla sér þess undirbúnings sem krafist er.
- 3) Undirbúningsnámið í Myndlistaskólanum í Reykjavík er fyllilega sambærilegt námi í frumgreinadeildum t.d. í Viðskiptaháskólans á Bifröst að því leiti að í báðum tilvikum eru nemendur að uppfylla ákveðin skilyrði sem háskólar gera um aðdraganda að námi á háskólastigi. Nám í frumgreinadeildum er hins vegar lánshæft ólíkt undirbúningsnámi til listnáms. Þess má einnig geta að veitt er námslán til íslenskra nemenda sem stunda nám í listaskólum t.d. í Hollandi og Skotlandi en þar tekur fjögur ár að ljúka BA honors gráðu eða BA gráðu. Nemendur ljúka Listaháskóla Íslands á þremur árum með BA gráðu. Líta má á undirbúningsárið í Myndlistaskólanum sem nokkurs konar aðdraganda og námið því í heild fjögur ár og sambærilegt því fjögurra ára BA námi sem víða er boðið upp á í löndunum í kringum okkur nema að þar eru öll fjögur árin lánshæf.


Á hverju ári komast um 80- 90 % nemenda undirbúningsdeildar Myndlistaskólans í Reykjavík áfram í eftirsótt nám í listaskólum hér heima og erlendis. Lítið sem ekkert brottfall er meðal nemenda skólans. Undanfarin ár hefur einungis verið hægt að bjóða um fjórðungi umsækjenda skólavist. Allir kennarar skólans eru framsæknir og vel menntaðir listamenn og hönnuðir.

Ég legg til breytingu á athugasemdum um 1. grein þar sem rætt er um að innihald undirbúningsnámsins sé sambærilegt við það sem kennt er á háskólastigi. Betra tel ég vera að bera námið saman við það nám sem fer fram í frumgreinadeildum háskólanna.

Leiða má að því sterk rök að allir þeir sem eru orðnir 20 ára og eldri og vilja stunda nám sitt af alvöru þyrftu að eiga kost á námslánum. Með þeim hætti væri mögulegt að virkja betur þau verðmæti sem liggja annars ónýtt meðal allra þeirra sem hverfa frá framhaldskólanámi. Það er ekki heiglum hent að hefja nám sem ekki er lánshæft og þurfa jafnframt að sjá sjálfum sér og ef til vill fjölskyldu sinni farborða.

Mörg önnur atrið sem fram koma í frumvarpinu eru til framfara og eru réttlætismál og vil ég því fyrir hönd stjórnar Myndlistaskólans í Reykjavík óska þess að frumvarpið fái brautargengi og þakka fyrir mikilsvert framtak.

Með bestu kveðjum,


Ingibjörg Jóhannsdóttir
Skólastjóri Myndlistaskólans í Reykjavík.



Alþingi
Erindi nr. P 132/1492
komudagur 28.3.2006

Alþingi
Elísabet Rán Andrédóttir
nefndarritari
v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 23. mars 2006
Tilvísun: HI06030005/004

Efni: Umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um LÍN.

Vísað er til bréfs menntamálanefndar Alþingis, dags. 1. mars s.l., þar sem Háskóla Íslands er sent til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna (76. mál 132. löggjafarþings).

Af hálfu Háskóla Íslands hefur ávallt verið lögð áhersla á það grundvallarhlutverk Lánasjóðs íslenskra námsmanna að auðvelda fólki að sækja sér menntun. Háskólinn tekur hins vegar ekki afstöðu til þess með hvaða hætti þetta grundvallarhlutverk sjóðsins er útfært í lögum og reglum, enda sé gætt samræmis og jafnræðis.

Vakin er athygli á því að tillaga frumvarpsins um breytingu á 2. gr. frumvarpsins byggir á því að undirbúningur að listnámi sé metinn jafnt og annað sérstakt undirbúningsnám (sérnám) sem er lánshæft skv. núgildandi reglum LÍN. Að því er best verður séð er þessi breyting í anda almennra jafnræðissjónarmiða og eðlileg í því samhengi. Á hinn bóginn skal einnig á það bent, að út frá sjónarmiðum um samræmda framkvæmd er sú ráðagerð frumvarpsins hæpin að binda ákvarðanir sjóðsins um lánshæfi við reglur ólíkra skóla um námsframvindu. Sú leið mun fyrirsjáanlega geta leitt til mismununar sem er ósamrýmanleg yfirlýstum markmiðum sjóðsins.

Virðingarfyllt
f.h. háskólarektors

Þórður Kristinsson
framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu

Umsögn SHÍ um þingskjal 76 – 76. mál á 132. löggjafarþingi

Frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21/1992, um Lánasjóð íslenskra námsmanna, með síðari breytingum.

Inngangur

Stúdentaráði barst nýverið til umsagnar frumvarp um breytingar á lögum um Lánasjóð íslenskra námsmanna. Lánasjóðsnefnd SHÍ hefur tekið frumvarpið til umfjöllunar og hér á eftir fylgir umsögn hennar.

Nefndin lýsir almennri ánægju með frumvarp það sem SHÍ hefur borist til umsagnar. Í frumvarpinu koma fram efnisatriði sem nefndin lýsir sig jákvæða gagnvart, s.s. hugmyndir um mánaðarlegar greiðslur námslána, að hluti námslána breytist í styrk ef námi er lokið á tilskildum tíma, að ábyrgðarmannakerfið verði afnumið og enn fremur að vextir af lánunum verði felldir niður.

Lánasjóðsnefnd SHÍ fagnar því þessum hugmyndum og vonar að þær geti komið til framkvæmda. Nefndin telur þó um leið ástæðu til að ítreka að þær breytingar sem frumvarpið felur í sér komi ekki niður á öðrum þáttum í rekstri sjóðsins sem brýnt er að lagfæra. Þar ber hæst að grunnframfærsla er of lág og dugar nemendum ekki til uppihalds, sbr. neyslukönnun SHÍ sem unnin var af Félagsvísindastofnun HÍ árið 2004. Framfærslan er lægri en það sem samsvarar atvinnuleysisbótum, langt undir lágmarkslaunum og leiðrétting á þessum mismun er brýnasta verkefni stjórnvalda í málefnum LÍN.

Athugasemdir við einstakar greinar

1. gr.

Engar athugasemdir við greinina.

2. gr.

Nefndin telur að mánaðarlegar greiðslur námslána æskilegt fyrirkomulag. Námsmenn geta að vísu fengið mánaðarlegar greiðslur í formi yfirdráttar hjá bönkunum. Sá galli fylgir þó að háir vextir eru á yfirdráttarlánunum og talsverður kostnaður leggst á lánþega sem taka yfirdrátt.

Engin önnur þjóðfélagsstétt fær laun sín greidd tvisvar á ári en það getur komið sér illa fyrir lánþega. Núverandi kerfi getur haft ýmsar neikvæðar afleiðingar í för með sér, til að mynda aukinn fjármagnskostnað, fjárhagslegt óöryggi ásamt því að leggja óeðlilega mikla áhættuþyrði á námsmenn. Því er nefndin einhuga um að styðja þessa hugmynd en ítrekar þó þann fyrirvara sem settur er í inngangi auk þess sem nefndin telur brýnt að hugað verði vel að tæknilegri útfærslu hugmyndarinnar. Teljum við þar á meðal mikilvægt að tryggja að mánaðarlegar greiðslur valdi ekki miklu álagi á starfsemi

sjóðsins. Að auki telur nefndin mikilvægt að reynt verði að koma í veg fyrir að aukin afföll verði fjárhagslegur baggi á sjóðnum.

Nauðsynlegt er að fá upplýsingar um hvað það kosti að sjóðinn að gera þessar breytingar á úthlutunarreglum hans. SHÍ vitnar í fyrirspurn til menntamálaráðherra um fyrirfram greiðslur námslána á 132. löggjafarþingi, þskj. 659 – 438 mál, þar segir menntamálaráðherra orðrétt:

„Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjónum mundi fyrirframgreiðslan kalla á tveggja milljarða kr. viðbótarfjárveitingu úr ríkissjóði og jafnvel þó að hún yrði innleidd í áföngum þýddi hún að lokum a.m.k. fjögurra milljarða kr. Varanlega fjárskuldbindingu og árlega kostnað að fjárhæð 180-200 millj. kr. Þá hefur ekki verið tekið tillit til kostnaðar vegna ofgreiddra lána. Hann mundi ráðast af þeim reglum sem settar yrðu um innheimtuna en sjóðurinn telur óvarlegt að áætla kostnaðinn undir 300 millj. kr. á ári.“

Við mælumst til að menntamálanefnd fái upplýsingar frá menntamálaráðherra eða ráðuneyti hverjar séu forsendurnar á bak við þessar tölur. Spurst var fyrir í stjórn LÍN um þær tölur sem ráðherra hafði í frammi en Lánasjóðurinn hafði ekki reiknað út þessar tölur.

Hvað varðar ábyrgðarmannakerfi lánasjóðsins, vill lánasjóðsnefnd benda á að með skilyrðislausri kröfu um ábyrgðarmenn uppfyllir sjóðurinn ekki fullkomlega þá skyldu sína að tryggja öllum tækifæri til náms án tillits til efnahags. Nefndin telur ekki nægilegt að treysta á að bankar axli þá ábyrgð þótt mikið framfaraskref hafi verið stigið með bankaábyrgðum á námslánnum.

Þó er mikilvægt að tryggja að afföll sjóðsins af lánnum aukist ekki til muna í kjölfar slíkra breytinga og er því nauðsynlegt að fara gætilega í breytingar á ábyrgðarmannakerfinu. Skynsamlegt gæti verið að byrja hægt og gefa til að mynda svigrúm til undanþágu frá þessari grein í lögunum, þegar það á við, en halda því engu að síður sem meginreglu að ábyrgðarmanns verði krafist.

3. gr.

Nefndin fagnar þeim tillögum sem gerðar eru að breytingum í 3.gr. en gerir eina athugasemd. Hlutfall háskólamenntaðra Íslendinga er undir meðaltali OECD og teljum við æskilegt að styrkja og fjölga ungu fólki í námi, en þessi breyting væri ákveðin varða á leiðinni að því markmiði. Það að styrkurinn sé bundinn við að nemendur klári nám sitt á tilsettum tíma er hvatning fyrir nemendur og er mjög ákjósanlegt að umbuna þeim sérstaklega sem ljúka námi sínu á tilskildum tíma með þessum hætti.

Athugasemd

Mikilvægt er að styrkurinn mundi einungis ná yfir framfærsluhluta námslánanna. Ekki er sanngjarnt að þeir nemendur sem fá lánað fyrir skólagjöldum fái meiri styrk heldur en þeir sem fá ekki lánað fyrir skólagjöldum. Gæta verður jafnræðis og tryggja að allir fái jafnan styrk. Gera þarf breytingar á 3. gr. til að binda styrkinn við framfærsluhluta námslánanna.

4.gr.

Nefndin fagnar þeim tillögum er varða vaxtalaus námslán.

5. gr.
Engar athugasemdir

6. gr.
Engar athugasemdir

f.h. Stúdentaráðs Háskóla Íslands

Ásgeir Runólfsson

Dagbjört Hákonardóttir Einir Guðlaugsson

Garðar Stefánsson Jóhann Alfreð Kristinsson